

2  
0  
1  
8



Flugmódelárið

















## Forsíðumyndin

Eitt af stærri flugmódelum íslenska flotans hóf sig aftur til flugs á árinu eftir að hafa legið í dvala í nokkur ár. Módelið er af Super Decathlon í skalnum 1:3 eða 33% af frummyndinni.

Áhugasamir geta fundið smíðabráðinn á spjalli flugmódelmanna, [flugmodel.net](http://flugmodel.net) en þar má sjá vélina frá því að hún var spýtur í kassa og þangað til að hún hóf sig á loft í fyrsta skipti.





ÚTGEFANDI  
Frettavefur.net

RITSTJÓRI  
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR  
Sverrir Gunnlaugsson  
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET  
Klukkuvöllum 10  
221 Hafnarfirði

NETFANG  
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2018  
Allur réttur áskilinn.  
Pentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203



# RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Vefurinn fagnar því 20 ára afmæli sínu og 15 ára afmæli spjallsins á næsta ári. Það er aldrei að vita nema við gerum eitthvað í tilefni þessa merka áfanga.

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



**Þ**á hefur fjórða tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós en eftir frábærar viðtökur við fyrstu þremur tölublöðunum þá var ekkert annað í stöðunni en að halda þessu áfram!

Fyrri hluta sumars viðraði ekki vel á flugmódelmenn sem búa á suðurhluta landsins en tíðin var skárri fyrir norðan. Það rættist þó úr fyrir sunnlendinga upp úr miðjum júlí og var hvergi slegið slöku við næstu mánuðina á meðan „sumarsins“ naut við.

Samkomur og mót voru nokkur talsins og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins ásamt heimsókn ritstjóra til Wales. Þar ber helst að nefna Kríumótið, Hangmótið, Stríðsfuglaflugkoma EPE, Piper Cub flugkoman, Flugkoma FMFA á Melgerðismelum og Stórskalaflugkoma EPE.

Nú styttist óðum í nýja reglugerð frá Evrópusambandinu sem snýr að ómönnum loftförum og þar með okkur. Kollegar okkar í Evrópu hafa leitt mikla vinnu sem miðar að því að tryggja hagsmuni okkar flugmódelmanna og eru menn þokkalega bjartsýnir eins og er. Það má þó alls ekki sofna á verðinum og eru fróðlegir tíma framundan!

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <https://frettavefur.net/timarit/>


SVERRIR GUNNLAUGSSON

Ritstjóri



# Hangið á Æsustaðafjalli

Æsustaðafjallið er 220 metra hátt rétt hjá Skammadal í Mosfellssveit! Smá tíma tekur að labba upp en ekki þarf að vera í súperformi til að leggja á fjallið. Norðaustan-áttin hentar best til flugs en einnig má hanga þar í norðanátt.



Mynd: Guðjón Halldórsson







Hvað ungur nemur, gamall temur.





# Kríumótið

Frábært kvöld og nóg flogið á öllum vígstöðvum! Sjó keppendur mættu til leiks og höfðu gaman af. Hörð barátta var um annað og fimmta sætið en við óskum Guðjóni til hamingju með sigurinn!



Sæti	Keppandi	Stig
1.	Guðjón Halldórsson	2.960
2.	Sverrir Gunnlaugsson	2.820
3.	Jón V. Pétursson	2.813
4.	Frimann V. Frimannsson	2.485
5.	Steinþór Agnarsson	2.088
6.	Stefán Sæmundsson	2.084
7.	Erlingur Erlingsson	1.843

Mynd: Magnús Kristinnson





# Hangmótið

Stífar æfingar voru haldnar snemma á árinu sem undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í hangflugi, F3F, sem haldið var í Þýskalandi í október. Flogið var flest alla daga sem hægt var því eins og kom fram á aðalfundi þyts var stefnt á að halda mót fyrir maílok til að skera úr um það hverjir myndu fara á heimsmeistaramótið.

Veðurspáin þann 27. maí gaf sterka von um að flugfært yrði milli skýja í Kömbunum eftir hádegi svo þangað voru menn boðaðir klukkan tvö. Þar var svartapoka og rigning svo menn sátu inn í bíl og leystu alheimsvandamálin og lífsgátuna allt í senn. Um þrjú leytið hafði skyggnið lítið skánað en dregið hafði talsvert úr rigningunni. Um hálf fimm fór svo að rofa til

og ljóst að stutt væri í flugveður svo við settum upp hliðin og tímatökubúnaðinn.

Ekki var mæting góð, þrír flugmenn og einn aðstoðarmaður, og fær Magnús sérstakar þakkar fyrir að aðstoða okkur því annars hefði verið ansi erfitt að halda mótið! Fyrsti keppandinn var svo ræstur út rúmlega fimm. Rétt fyrir sex fór svo að þykkna upp og rigningin mætti aftur á svæðið svo þá var sjálfhætt en við höfðum náð að fljúga þrjár umferðir og vorum nokkuð sáttir með það.



Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	3.000
2.	Guðjón Halldórsson	2.912
3.	Erlingur Erlingsson	2.257



Erlingur, Guðjón og Sverrir eftir vel heppnað mót.





Einar Ólafur og Einar Páll í góðum gír.

Fínasta veður fram yfir hádegi, sól, hlýtt og bjart. Smá ókyrrð frá flugskýlunum en ekkert of alvarlegt. Útsendarar Öxulveldanna lágu augljóslega í leyni í nágrenninu og náðu að granda þremur flugmódelum yfir daginn. Stríðsfluglar úr fyrri heimsstyrjöld voru áberandi fjölmennastir á svæðinu eins og mörg fyrri ár en einnig sáust vélar af öllum aldri, stærðum og gerðum.



Frímann og smádeildin



Stefán, Gunnar, Bjarni, Frímann og Gunnar nutu dagsins.



# STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Þessir voru mjög spenntir yfir því sem fram fór.



Rússarnir mættu á svæðið.



Eitt af fórnarlömbum dagsins.



# Flugkoma FMFA

Fyrstu menn voru mættir norður á miðvikudeginum og fleiri bættust í hópinn eftir því sem leið á vikuna. Flestir komu svo norður á föstudeginum og hituðu upp fyrir helgina.

Laugardagurinn rann svo upp bjartur og fagur með logni, heiðskírur himni og hitinn fór í rúmlega 20°C eftir því sem leið á daginn.

Mikið var flogið, nokkur minniháttar óhöpp og eitt risastórt í lok dags. Vöflurnar voru að sjálfsgöðu á sínum stað og runnu þær þó nokkrar niður í maga viðstaddra. Í lok dags var svo komið að grillinu og voru því gerð góð skil af viðstöddum.

Að sjálfsgöðu var „bein“ útsending frá herlegheitunum á Fréttavefnum og er hægt að sjá hikmynd frá deginum á YouTube.







Nokkuð var um góða drætti.





# Árið er...



Þotuöldin hélt innreið sína á Vestfirði.







Staggerwing flaug í fyrsta sinn.





# STÓRSKALAFLUGKOMA EPE

Það verður ekki tekið frá Einari Páli að hann virðist vera með ansi góðan samning við Kára, ekki Stefánsson, því veðrið hefur verið með eindæmum frábært síðustu árin á flugkomunni hjá honum. Þetta mun vera í 33 skiptið sem flugkoman er haldin en sú fyrsta var haldin 1985 á Sandskeiði en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar!


Hægvíðri var framan af degi, bjart með stöku skýjum, en af og til komu uppstreymisbólur í gegn með látum og köstuðu til öllu lauslegu. Dagurinn var að mestu áfallalaus nema systir Wilgunar sem lenti illa í því fyrir norðan um síðustu helgi fékk líka að kenna á því þegar drapst á



mótor í flugtaki.

Stöðugur straumur gesta var á svæðið og eflaust hefur auglýsingaherferð á Snjaldurskinnu haft eitthvað um það að segja auk þess sem flugmódelmenn voru duglegir að auglýsa atburðinn í vinarhópum sínum. Ingólfur og Einar Páll buðu upp á veitingar sem voru gerð góð skil af nærstöddum.

Viðstaddir skemmtu sér vel við flug fram eftir degi og voru síðustu gestirnir að yfirgefa svæðið upp úr kl. 18.

















# Piper Cub flugkoman

Piper Cub flugkoman fór fram 8. ágúst út á Hamranesi. Oft hafa verið fleiri menn og húnar, en þeir sem mættu létu það ekki á sig fá og skemmtu sér konunglega við að rifja upp liðna tíð og segja sögur.

Fínasta veður en smá kuldi í lofti.





# Flugfjör í Wales





# Heimsmeistaramótið í F3F



## FIMMTUDAGUR 4. OKTÓBER

Þrír spenntir flugmódelmenn voru mættir með um 40 kg af farangri á mann í Leifsstöð rétt fyrir 5 í morgun. Eftir að hafa gengið frá öllum formsatriðum var ekkert að vanbúnaði að halda til Tegel flugvallar í útjaðri Berlínar. Eftir tíðindalítið flug til Berlínar tók við mikil bið eftir flugmódelunum sem fylgt var eftir með stífum yfirheyrslum tollvarða um innihald kassa og tilgang fararinnar.

Eftir að hafa hlaðið farangri í bílinn var haldið sem leið lá austur og svo norður á bóginn í átt að Eyrstrasaltinu, með smá matarstopp, en áfangastaður var Kap Arkona á Rügen. En þar munum við keppa á tveimur F3F mótum, Örna þýska mótinu 6. og 7. október og svo heimsmeistaramótinu sem fer fram daganna 8. til 13. október.

Bíltúrinn var um 400 km langur og tíðindalítill en ferjuferðin reyndi mjög á menn, næstum því tvær... heilar mínútur! En menn létu sig hafa það fyrir €6,9 á allan hópinn.

Það var því komið myrkur þegar við renndum í hlað á hótelinu. Nokkrar mínútur gáfust til að anda örlítið áður haldið var með módelin í skráningu og úttekt. Þar tóku starfsmenn sig til og límdu, krotuðu og stimpluðu módelin til að gera allt löglegt en jafnframt fengum við keppnis-smekkina og nokkra minjagripi.

Að því loknu var rölt til baka á hótelið og næstu skref plönuð áður en haldið var í bólið.



Það vantaði ekki farangurinn!

## FÖSTUDAGUR 5. OKTÓBER

Það var risið úr rekkju árla morguns og haldið í morgunmat á hótelinu. Að því loknu tóku menn til flugmódel og annan útbúnað og svo var haldið út í brekku að æfa sig.

Vindur stóð í átt að Goorer Berg en ca. 45° frá miðju þannig að flugin voru upp og ofan. Verðmætar mínútur fengust þó út úr þessu brölti og þar sem við vorum fyrstir út í brekku nýttist tíminn vel. Við rákumst einnig á keppendur frá Ástralíu, Tævan, Bretlandi, Bandaríkjunum, Póllandi og Hollandi í dag.

Seinni partinn var svo farið í búðarleiðangur áður en haldið var heim á hótél að lagfæra „síbrotafélina“ en gömul viðgerð gaf sig í lendingu. Eftir það var svo komið að kvöldmat og eftir gott spjall komu menn sér í koju.

Við glímum við mikið lúxusvandamál hérna, hitinn fór í 20°C þegar heitast var í dag, sannar-

lega mikill munur frá veðrinu í Danmörku fyrir tveimur árum síðan.

## LAUGARDAGUR 6. OKTÓBER

Dagurinn byrjaði snemma þar sem við þurftum að vera klárir fyrir keppnisfund sem byrjaði kl. 8. Þegar búið var að messa yfir mannskapnum og úthluta keppnissmekkum þá var haldið sem leið lá í Goorer Berg.

Ekki var miklum vindi fyrir að fara og undanfarinn (e. zero-pilot) náði ekki inn í hliðið innan 30 sekúndna frá ræsingu, svo hann var ræstur aftur og náði þá innan tímans en ekki var yfirferðin mikil þar sem vindurinn var í kringum 3,3 m/s. Keppnin var því sett og var Sverrir fyrstur af stað en hann var fjórði í rásröðinni, Erlingur var strax á eftir honum en Guðjón var númer 39 í loftið.

Þegar 16 keppendur voru eftir í fyrstu umferð var henni slegið á frest um stundarsakir þar sem vindurinn fór undir 3 m/s í meira en 30 sekúndur og kom ekkert upp aftur næstu klukkutímana. Um þrjú leytið var ákveðið að halda til Kreptitz (Windtunnel) og átti að reyna að klára umferðina þar en það tókst ekki. Verður því fyrsta umferðin kláruð á morgun.

Við fórum því vel flognir heim á hótél til að safna kröftum fyrir morgundaginn en þá er von á meiri vindi og flogið verður frá 8:30 til 15.

## SUNNUDAGUR 7. OKTÓBER

Dagurinn byrjaði eins og best verður á kosið







Ríkjandi vindátt...



Hressandi morgunsund!



Úbbbs!

með roki og rigningu! Reyndar stytta upp fljótlega eftir 7, eins og spáð hafði verið, svo eftir morgunmatinn drifum við okkur af stað út í brekku, eða réttara sagt bakka, sem var Kreptitz (Windtunnel).

Þegar þangað var komið drifum við upp grunnbúðir en þar sem búíð var að færa startið fram um 30 sæti þá var Guðjón níundi í loftið en Sverrir 37 og Erlingur strax á eftir. Vindurinn byrjaði í 16 m/s en fljótlega datt hann niður í 12-13 m/s.

Flugið hjá Guðjóni gekk vel en í aðflugi til lendingar missti hann samband við módelið og það kom frekar harkalega niður og flýgur sennilega ekki meira á þessu ári. Sverrir fór næstur í loftið og gekk það vel en í næsta flugi fór Erlingur í loftið en vélin ofreis og endaði í sjónum fljótlega eftir ræsingu og mun Ægir konungur „fljúga“ henni næstu misserin.

Þeir félagar voru þó ekki einir í þessum pakka í dag en alla vega fimm aðrar vélar brotlentu, ýmist í fjöru, bökkum, trjám eða sjó. Einn Ástralinn flaug svo niður vindmælinn og eru þjóðverjarnir búnir að panta 2 aðra með hraðsendingu. Sverrir endaði í 58. sæti, Guðjón í 62. sæti og Erlingur í 64 sæti.

Sverrir fór á liðsstjórafund vegna heimsmeistarátíðarinnar seinni partinn, þar var farið yfir framkvæmd mótsins og spurningar um hin ýmsu atriði frá liðsstjórunum. Svo sem ekkert þar sem ekki kom fram í Bulletin 2 nema þá helst ítarlegri útskýringar á umhverfisverndarhlutanum.

Klukkan 20 var mótið svo sett og var setningin í beinni útsendingu en þar var spilað stutt kynningarvídeó fyrir hverja þátttökupjóð. Skipuleggjendur mótsins höfðu beðið þjóðirnar

um 90 sekúnda langt kynningarmyndband en þeir bjuggu svo til vídeó fyrir þær þjóðir sem ekki sendu inn klippu. Kynningarmyndbandið okkar má finna hér

<https://bit.ly/TeamIceVideo2018>

Á morgun er spáð SV 4-6 m/s svo það stefnir allt í að við verðum á Gooer Berg. Mánudag til föstudag verður flugið frá 9-18 alla daga en á laugardag þá verður flugið 9-12.

### MÁNUDAGUR 8. OKTÓBER

Það voru árrisulir flugmódelmenn sem skelltu í sig morgunmat um 7 í morgun en þar sem Guðjón var sjöundi út þá drifum við okkur út í brekku fljótlega eftir það. Flugið hjá zero-pilot gekk vel svo fyrsta umferð var ræst út rétt rúmlega níu.

Vindur var í kringum 9 m/s í morgun en var að rokka þetta 7 til 8 m/s á Gooer Berg í dag. Lifandi vindupplýsingar voru ekki í boði í dag eftir að einn Ástralinn flaug á staurinn í gær og skemmdist vindmælirinn í atganginum. Tveir nýir vindmælar eru á leiðinni og ættu að skila sér á morgun.

Flugið hjá okkur gekk bara vel í dag og var klárað að fljúga 4 umferðir. Við kláruðum okkar flug í fyrri hluta fjórðu umferðar og drifum okkur svo í burtu að redda blý og öðru tilfallandi til að geta komið Erlingi aftur í loftið sem allra fyrst en hann sat hjá í dag. Í því sem við vorum að pakka í bílinn heyrðist þvílíkur hávaði fyrir ofan okkur og hafði keppandi frá Taívan þá flugið beint á tré við bílastæðið. Slökkevilið í Rügen kom honum til bjargar síðar um kvöldið.

### ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER

Aftur hófst dagurinn á Gooer Berg, aðstæður voru mjög breytilegar, tímar frá 57 sekúndum og yfir 90 sekúndur ásamt nokkrum núllum í fimmtu umferð. Vindurinn var mjög skakkur á brautina og oft á tíðum alveg á mörkunum svo þetta voru alls ekki kjör aðstæður. Sverrir fór of snemma í loftið í sjöttu umferð og fékk því ekki stig fyrir hana.

Í byrjun þriðja hóps í sjöttu umferð ákvað mótsstjórn að hætta keppni á Gooer Berg og færa keppnina yfir á Dranske, betur þekkt sem Turbulator. En vindurinn þar var ekkert mikið betri og eftir að fyrsti keppandinn fór beint ofan







Í fjöru var ákveðið að hætta keppni um stundarsakir á meðan málin væru skoðuð betur. Eftir um klukkutíma bið var ákveðið að hætta keppni og verður þriðji hópurinn kláraður á morgun.

Það er útlit fyrir mjög hægán vindur í fyrramálið sem snýr sér svo í SA eftir því sem líður á daginn svo við byrjum væntanlega í Goorer Berg og færum okkur svo í Vitt sem er brekka sem við höfum ekki flogið í áður.

### MIDVIKUDAGUR 10. OKTÓBER

Það komu inn 3 kærur eftir gærdaginn, tvær frá Bandaríkjamönnum sem báðum var hafnað því kæra þarf innan 60 mínútna og ein frá Póllandi sem var staðfest. Allar snéru þær að því að ekki

Um 12:30 voru flugmenn svo kallaðir út á akur og kom þá í ljós að óvænti atburðurinn var grjóthreinsun á lendingarsvæðinu. Nú geta menn því bætt nýjum hlut á ferilskrána, farandsverkamenn í Þýskalandi, Ekkert bólaði hins vegar á Kára kallinum svo alls konar létt flugmódel voru tekin fram og flogið á milli þess sem menn spjölluðu um allt milli himins og jarðar.

Um 16:40 fór vind þó að hreyfa og fyrstu menn í hóp tvö í sjöttu umferð voru ræstir út. Adam var hins vegar ekki lengi í paradís og um 17:35 datt vindurinn niður fyrir lögleg mörk og einungis 22 flugmenn búnir að fljúga! Það náðist þó rétt svo að klára hóp tvö í dag en hópur þriðji verður floginn á morgun.

Sameiginlegur kvöldverður var svo haldin í Putgarten og skemmtu menn sér þar yfir góðum mat áður en haldið var heim á leið.

### FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER

Við fórum snemma út í morgun og komum Erlingi í loftið rétt fyrir sólarupprás eða 7:25. Hann er mjög ánægður með vélinu og náði að fljúga í þriðja hóp sjöttu umferðar og var svo með fyrstu mönnum út í sjöundu umferð.



Mynd: Tomáš Winkler

Guðjón við það að lenda.

Veðurspáin heldur áfram að standast og vorum við í topp aðstæðum í Vitt í allan dag. Vindurinn var í kringum 9-10 metra en sló upp í 12 m/s á tímabili. Dagurinn gekk mjög vel og voru fjórar umferðar flognar auk þriðja hóps sjöttu umferðar.

Nýr liðsmaður bættist í íslenska hópinn í dag þegar við tókum inn sérstakan kastara alla leið frá Noregi. Gegnir hann nafninu Espen Torp-son, hann er fínasti kastari og skilar góðri vinnu.

Dagurinn gekk að mestu áfallalaust fyrir sig nema sökum ókyrrðar þurftum við að lenda talsvert aftar í dag og þar var ekki búið að grjóthreinsa eins vel á hinu svæðinu. Sverrir fékk nokkrar rispur og smá gat á frambrún en Guðjón fékk litla rifu undir vænginn. Ekkert sem smá límband gat ekki lagað og hindraði það menn ekki í flugum í dag. Ungi flugmaðurinn frá Úkraínu flaug á tré og splundraðist vélin hjá honum við það. Flugmaður frá Austurríki bætti sinni vél svo við kaftáaleitarflota NATÓ í Eystrasalti.



Öll betri hótél eiga hamra til að lána gestum.

hafi verið hægt að fylgjast með aðstæðum á nógu nákvæman hátt sökum þess að ekki var uppsettur vindmælir að mæla allan tímann.

Því var ákveðið að fljúga þurfi hóp tvö í sjöttu umferð aftur en kæran snéri að honum. Þetta voru góðar fréttir fyrir Sverri því hann fékk annan séns til þreyta flugið sitt í sjöttu umferð.

Dagurinn byrjaði mjög rólega og um 8 leytið tilkynnti mótsstjórn að ekki yrði flogið að sinni og nýjar upplýsingar kæmu um 11 leytið. Við fórum því að Goorer Berg og prófuðum nýju vélina hans Erlings á jafnsléttu og er óhætt að segja að hún lofi góðu. Við komumst vonandi með hana í hang snemma í fyrramálið.

Eftir það keyrðum við að Vitt og skoðuðum aðstæður. Ágætis brekka en nokkur tré sem þarf að vara sig á. Um 11 leytið kom svo tilkynning frá mótsstjórn að flogið yrði í Vitt eftir 12:30 og óvæntur atburður yrði kl. 12. Við keyrðum því út að Vitt og settum upp búðir á svæði sem var sannkölluð litla Skandinavía en við, Norðmenn og Danir vorum þarna í góðum grí.

Smá epoxy lagaði steinaskemmdirnar.



### FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER

Goorer Berg var það í dag, 11. umferð gekk vel hjá öllum en í 12. umferð datt vindurinn niður í fyrri hluta hennar. Nýja vélin hans Erlings fór í fjöruferð en slapp ótrúlega vel frá því miðað við aðstæður.

Sverrir náði að fljúga sína ferð á 99 sekúndum en það var algjörlega á faðir vorinu í lokin þar



Steinn, nei ég meina Erlingur með stein.



sem vindurinn var að rokka í kringum lágmarkið. Þetta var því versta umferðin hans og sú sem dettur út í stigagjöfni.

Sverrir var þó ekki sá eini því alls voru 20 flugmenn þar sem þetta var lakasta umferðin af þessum 12 sem komnar eru. Guðjóni gekk öllu betur enda vindur kominn nær 5 metrum en var samt rokkandi.

Besti tími umferðarinnar var 51,34 sekúndur en einungis 20 bestu tímarnir voru undir 60 sekúndum. Fjórir flugmenn fengu núll stig þar sem uppstreymið var ekki nægjanlegt til að komast aftur á landingarsvæðið og þeir lentu utan þess. Við megum því teljast góðir að halda haus og ná stigum úr umferðinni.

13. umferð varð enn skrautlegri en það náðist að láta 48 flugmenn fljúga á um 4 tímum áður en vindur féll niður fyrir lágmarkið lengur en hálf tíma og þar með var sjálfhætt og umferðinni skipt upp í hópana.

### LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER

Laugardagurinn rann upp bjartur og fagur en með minni vind heldur en spáð var. Það varð fljótlega ljóst að tæpt yrði að ná þrettánda umferð sökum litils og óreglulegs vinds.

Svo leið morguninn án flugs nema þá á léttum flugmódelum og einhver módel skiptu um eigendur næstu klukkutímanna.

Það var svo loks um 11:40 sem þriðji hópur þrettánda umferðar var ræstur út og gekk hann að mestu mjög hratt, alla vega miðað við síðustu tilraun. Besti tíminn var 58 sekúndur og sá lakasti 99 sekúndur en 2 fengu 0 stig. Annar þeirra af því að kastarinn hans rak vænginn í hausinn á sér í kastinu og vélin fór aldrei á flug en hin flaug inn fyrir öryggislínu og lenti utan landingarsvæðis.

Guðjón var í fyrri hluta hópsins svo okkar menn komust upp á hótél að pakka upp úr eitt. Svo var bara staðið í akkorði að pakka þar sem rúturnar í verðlaunaafhendinguna og hátíðarkvöldverðinn lögðu af stað þrjú en við leggjum af stað heim 5:30 í fyrramálið svo það er ekki mikill tími laus í kvöld og fyrramálið.

Rúturnar lögðu af stað um þrjú og héldu sem leið lá til Sassnitz en þar var stigið um borð í ferjuna sem siglir til Binz og lagt út á Eystrasaltið. Við fórum hins vegar ekki frá borði í Binz heldur héldum áfram til Sellin þar sem við lögðumst að bryggju og stigum frá borði.

Á bryggjunni var glæsilegur veitinga- og samkomustaður þar sem verðlaunaathöfnin fór fram og eftir hana var sest að snæðingi en glæsilegt hlaðborð var á boðstólum.

### ÚRSLIT

Í fyrsta sæti Philipp Starry frá Austurríki, í öðru sæti Lukas Gaubatz frá Austurríki og í þriðja sæti, ríkjandi heimsmeistari, Thorsten Folkers frá Þýskalandi. Í liðakeppninni varð Austurríki í fyrsta sæti, Þýskaland í öðru og Frakkland í þriðja. Í flokki ungmenn þá vann Antoni Kania

frá Póllandi, í öðru sæti Hugo Escobar frá Spáni og Vladislav Chebanov í þriðja sæti. Við óskum þeim öllum til hamingju með sigurinn.

### AÐ LOKUM

Skipulagningin hjá Þjóðverjum hefur verið til fyrirmyndar og allt gengið eins og í sögu. Eina sem klikkaði var veðrið en það er erfitt að hafa stjórn á því. Alls voru þrettán umferðir flognar, þar af náði sú sjötta yfir þrjá daga!

Okkar menn voru bara nokkuð sáttir með sína stöðu miðað við aðstæður en Erlingur endaði í 60. sæti, Guðjón í 59. sæti og Sverrir í 57. sæti. Allir bættu strákarnir sína persónulegu tíma nokkrum sinnum á meðan á mótinu stóð.

Næsta heimsmeistaramót fer fram í Frakklandi 2020 og er undirbúningur hafinn.

Sjá fleiri myndir á <https://f3f.flugmodel.net>

Lokahófið var haldið í þessu glæsilega húsi.



Eins og nýr, smá litur og engin tekur eftir þessu!



Guðjón og Espen ræða málin fyrir flug.



Frumflug fyrir sólarupprás.







Lýsandi dæmi um biðina sem stundum var á heimsmeistaramótinu í F3F, já þetta er kóngulóarvefur á milli vængenda!











Mynd: Tomáš Winkler



Árið er 2012







